

„Ef þú þekkir engan verður allt erfiðara“ Samþættingarferli ungs flóttafólks á Íslandi

Höfundur: Adisa Mešetović

Leiðbeinandi: Eyrún Ólöf Sigurðardóttir

Sérfræðingur: Eva Harðardóttir

Aðdragandi



- Hver er ég?
- Kveikja verkefnisins
- Persónuleg og fagleg tengsl
- Fjölgun flóttafólks á heimsvísu og á Íslandi
- Skortur á rannsóknum á sjónarhorni ungmenna á Íslandi

Kynning á verkefni

- **Rannsóknarspurning:**
 - Hvaða þættir eru það sem tengjast farsælli samþættingu að mati flóttafólks?
- **Markmið:**
 - Að greina upplifun þeirra af samþættingarferlinu
- **Fjögur megin þemu:**
 - Löngun fyrir stöðugleika og sjálfstæði
 - Tengsl í nýju samfélagi
 - Að tilheyra og þroskast í nýju samfélagi
 - Að finna tilgang og hlutverk.

Fræðilegt sjónarhorn

- Félagsleg samþætting og inngilding
- Gagnkvæm aðlögun (Berry, 2005)
- Félagsleg tengslamyndun (Ager og Strang, 2008)
- Félagsauður (Putnam, 2007)
- Menningarnæmni (Sundar o.fl., 2012)

Aðferðafræði

- Einstaklings- og rýnihópaviðtöl – hálfopin
- 14 þátttakendur á aldrinum 18-44 ára en voru 15-28 ára þegar þau komu til landsins
- Þemagreining á frásögnum þátttakenda (Braun og Clarke, 2013)
- Hentugleikaúrtak – tilgangsrúrtak – snjóboltaúrtak
- Nafnleynd og upprunaland ekki tilgreint

Löngun fyrir stöðugleika og sjálfstæði

„Ég var bara að bíða og bíða [...] ég vissi ekki hvort ég þyrfti að fara, hvort ég mætti vera hér eða hvað myndi gerast næst.“

„Við fengum 10.000 krónur á viku og máttum ekki gera neitt [...] það var eins og lífið væri fryst.“

„ Af hverju fáum við ekki að vinna á meðan við bíðum? Væri það ekki betra fyrir íslenska efnahagskerfið? Við erum dugleg og viljum vinna og viljum borga skatta og við viljum ekki bara sitja heima og fá pening frá ríkinu því það er ekkert virði í því. “

Tengsl í nýju samfélagi

„Það var í fyrsta skipti sem einhver Íslendingur bauð mér heim [...] ég vann þarna í tvö ár en hafði aldrei fengið slíkt boð áður.“

„Ég reyni að vera opin og mæti í allt [viðburðir tengdir vinnu] og tala við fólk [...] en það er eins og það séu ósýnileg mörk og fólk bregst við eins og ég sé bara ekki þar.“

„Allt hér fer í gegnum tengsl hvort sem það er vinna, skóli eða húsnæði.“

„Ef þú þekkir engan verður allt erfiðara“

Að tilheyra og þroskast í nýju samfélagi

„Af því við fengum þessar móttökur á sínum tíma [...] þá gerði það að verkum að ég er hér í dag, tala reiprennandi íslensku og hef skilað til samfélagsins.“

„Ég bjó í Keflavík í Ásbrú og það er versti tíminn sem ég hef upplifað á Íslandi. Þú ert einangraður þegar þú ert þar og það eru engar tengingar og ekkert samfélag í kringum þig.“

„Annan daginn eftir jákvæða niðurstöðu var ég fluttur til Reykjavíkur [...] þá byrjaði allt og ég fékk íbúð, skráði mig í skóla og komst í tengsl við annað fólk.“

Að finna tilgang og hlutverk

„Það tók mig 11 mánuði að fá jákvæða niðurstöðu og í allan þann tíma gerði ég ekki neitt nema að sofa og borða [...] þetta er ekkert líf heldur var þetta bara bið.“

„Ég vissi ekki hvort ég ætti að byggja mér framtíð eða undirbúa mig fyrir brottvísun.“

„Við viljum bara vera þátttakendur en ekki áhorfendur [...] við viljum fá að vinna, læra og kynnast fólki en ekki bara bíða.“

Túlkun og lokaorð

- Mikilvægi stöðugleika, tengsla og tilfinningar fyrir að tilheyra
 - Raunverulegur stuðningur og tækifæri til þátttöku skipta mestu
 - Samþætting krefst að allir leggi sitt af mörkum
 - Virkni á meðan á bið stendur skiptir sköpum
-
- Hver er ályktunin?
 - Möguleg fræðileg og hagnýt áhrif?
 - Næstu skref...

Ager, A. og Strang, A. (2008). Understanding Integration: A conceptual framework. *Journal of Refugee Studies*, 21(2), 166–191. <https://doi.org/10.1093/jrs/fen016>

Berry, J. W. (2005). Acculturation: Living successfully in two cultures. *International Journal of Intercultural Relations*, 29(6), 697–712. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2005.07.013>

Bhabha, J. (2014). *Child Migration and Human Rights in a Global Age*. Princeton University Press.

Chase, E. (2013). Security and subjective wellbeing: the experiences of unaccompanied young people seeking asylum in the UK. *Sociology of Health & Illness*, 35(6), 858–872. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9566.2012.01541.x>

Erla S. Kristjánsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. (2019). "I'll Always Be a Refugee": The Lived Experience of Palestinian Refugee Women of Moving to a Small Society in Iceland. *Journal of Immigrant & Refugee Studies*, 17(3), 389-404. <https://doi.org/10.1080/15562948.2018.1499065>

Eva Harðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2018). „Að breifa sig áfram í myrkrinu”: Ríkjandi stefnur og straumar um ungt flóttafólk í íslensku grunn- og framhaldsskólakerfi. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 14(3), 183-204. doi.org/10.13177/irpa.a.2018.14.3.2

Evanoff, R. (2006). Integration in intercultural ethics. *International Journal of Intercultural Relations*, 30(4), 421–437. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2005.11.001>

Lilja Ingvarsson, Snæfríður Thóra Egilson og Unnur Dís Skaptadóttir. (2016). "I want a normal life like everyone else": Daily life of asylum seekers in Iceland. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 23(6), 416-424. <http://dx.doi.org/10.3109/11038128.2016.1144787>

Putnam, R. D. (2007). E Pluribus Unum: Diversity and Community in the Twenty-First Century. *Scandinavian Political Studies*, 30(2), 137–174. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9477.2007.00176.x>